



Kópavogsbær

Menntasvið Aðgerðaráætlun 2024

Kynning í menntaráði 3.okt.2023



M 1.1 Læsishæfni í víðum skilningi

M.1.1.1.1 Vinna að mótun nýrrar og heildstæðrar læsisstefnu til næstu 5 ára sem hefur að markmiði að efla læsi í víðum skilningi. Með nýrri læsisstefnu fylgir framkvæmdaáætlun. Mælikvarði: Hefur ný læsisstefna verið samþykkt og sett í framkvæmd fyrir árslok 2024 og gerð aðgengileg á heimasíðu Kópavogs? Framhald frá 2023.

Athugasemd: Sett er spurningamerki við tímaramma verkefnis hvort 5 ár sé nógu langur tími til að meta árangur. Hvaða faglegu rök liggja að baki tímamarki? Hópur spyr hvort læsisstefna nái til leikskólans? Ef já, er mældur árangur af markvissri málörvun í leikskólum?

Svar: Gildi til 2030 jafn lengi og aðrar stefnur - verður endurskoðað. Læsisstefna nær til leikskóla. Síðasta ár í leikskóla er lagt fyrir HLJÓM (hljókerfisvitund) hefur forspágildi um árangur í lestri.

M 1.1 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.1.1 Stofnaður þróunarhópar um innleiðingu Góðs grunns í tveimur nýjum skólum sem skila skriflegum tillögum og skýrslu um stöðu innleiðingar fyrir lok árs 2024. Mælikvarði: Liggja skriflegar tillögur um innleiðingu Góðs grunns frá tveimur grunnskólum, ásamt skýrslu um innleiðingu fyrir í árslok 2024? Framhald frá 2023.



M.1 Námsefni sem tekur mið af getu hvers og eins, stuðlar að framförum, vellíðan og skilningi á samfélagi og umhverfi

M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M.1.2.2.1 Fræðsluáttak sem stuðlar að grunnþekkingu í hverjum leikskóla um ADHD einkenni/og eða krefjandi hegðun. Þrír starfsmenn /sérfræðingar leikskóladeildar sjá um fræðsluna.

Mælikvarði: 60% starfsfólks sem sótti fræðsluna telur sig getur nýtt verkfæri úr fræðslu í starfi (leikskóladeild).

Athugasemd: Niðurstöður mælikvarða gefa til kynna að mögulega hafi aðgerð ekki skilað nægum árangri, þar sem rétt rúmur meirihluti þeirra sem sótti fræðsluna taldi hana gagnlega.

Svar: Mælikvarði hækkaður í 80% starfsfólks.

M.1.2.3.1 Móta áætlun um stuðning menntasviðs við lausnarteymi í leik- og grunnskólum sem voru stofnuð árið 2022. Leikskóli er skilgreindur sem fyrsta skólastig og grunnskóli er annað skólastig. Stuðningi er ætlað að styðja við innleiðingu verklags og notkun verkfæra sem eru til staðar innan leik- og grunnskóla og þannig stuðla að samþættingu þjónustu innan skólastigs og á milli skólastiga. Mælikvarði: Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með breytt fyrirkomulag og upplifa stuðning í starfi (amk 80%) . Uppruni mælinga: Könnun 15.janúar 2024: Könnun send út 15. nóvember 2024 (sömu spurningar) Framhald frá árinu 2023.



M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M. 1.2.4.1. Fræðsla á vegum sérfræðinga menntasviðs um gagnlegar aðferðir við uppeldi ungra barna. Fræðslan yrði annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir starfsfólk leikskóla. Fræðsla fyrir foreldra yrðu eitt skipti (þrír klukkutímar í senn og fræðsla fyrir starfsfólk væri eitt skipti í um tvær klukkustundir. Mælikvarði: 70% foreldra annarsvegar og starfsfólks hins vegar sem sótti fræðsluna telur sig getur nýtt verkfæri úr fræðslu í starfi. Framhald frá árinu 2023.



M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.1.1 Halda áfram innleiðingu Réttindaleikskóla sem byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við UNICEF, í leikskóla í Kópavogi til ársins 2025. Mælikvarði: Að 75% leikskóla séu orðnir réttindaskólar, eða hafi hafið innleiðingarferli réttindaskóla, í árslok 2024. Framhald frá 2023.

M.1.3.2.1 Halda áfram innleiðingu Réttindagrunnskóla í samstarfi við UNICEF ásamt frístund og félagsmiðstöðvum viðkomandi grunnskóla. Mælikvarði: Þrír grunnskólar hafi hafið innleiðingarferli sem réttindaskólar fyrir árslok 2024. Framhald frá 2023.



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.1.1 Móta verklag þannig að tryggt sé að allir skólar leggi fyrir stöðumat fyrir nýkomna nemendur sem tala annað móðurmál en íslensku í því miði að tryggja að unnið sé á skipulegan hátt við að kenna íslensku og byggja á þeirri þekkingu sem nemendur búa þegar yfir. Kennsluráðgjafi mun styðja við þá kennara sem þurfa aðstoð við fyrirlögn. Mælikvarði: Í öllum grunnskólum í Kópavogi sé gert stöðumat undir handleiðslu kennsluráðgjafa - ísat. Kemur fram í skýrslu kennsluráðgjafa-ísat við lok skólaárs 2023-2024. Framhald frá 2023.

Athugasemd: VANTAR: Í samræmi við undirmarkmið M. 1.2 Lærdómssamfélag fyrir öll börn og M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika þykir okkur vanta aðgerð sem felur í sér hinseginfræðslu fyrir öll börn sem og starfsfólk sem starfar með börnum og ungmennum

Svara: Hinsegin fræðsla fyrir börn og starfsfólk fer undir forvarnaráætlanir aðgerð M.2.2.1.1. þar er verið að vinna viðmið fyrir skóla- og frístundastarf.



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.2.1 Stofna móttökuteymi kennara, forstöðumanna frístunda og félagsmiðstöðva í fimm skólum. Búa til samráðsvettvang milli teyma til að deila reynslu og hugmyndum - lærdómssamfélag. Teymin móta fræðslu og stuðning um móttöku ÍSAT nemenda í skólunum. Mælikvarði: Fimm teymi hafa verið stofnuð innan grunnskóla Kópavogs. Samráðsvettvangur hefur verið virkjaður með fundi og sameiginlegu svæði fyrir gögn og samskipti. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Af hverju ekki allir skólar?

Svar: Allir skólar munu taka þátt í verkefni byrja er á fimm skólum.

M.1.4.3.1 Greina og meta framsetningu upplýsinga til foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og leggja fram tillögu hvað varðar upplýsingaflæði í málaflokknum. Mælikvarði: Tillaga hvað varðar upplýsingaflæði til foreldra barna með annað móðurmál en íslensku liggi fyrir lok árs 2023.

Athugasemd: Leggja áherslu á að það sé frekar fjöltyngd börn og börn með fjölbreyttan tungumálamenningarbakgrunn.

Svar: Takk fyrir ábendinguna



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.4.1 Móta verklagsreglur, ramma fyrir einstaklingsáætlanir og hefja innleiðingu í alla leikskóla í Kópavogi "Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltýngd börn í leikskóla" sem Menntamálastofnun hefur gefið út fyrir árslok

2024. Mælikvarði: Að innleiðing hæfniramma verði í leikskólum í Kópavogi í lok árs 2024 (hversu margir eru farnir að nýta sér hæfnirammann í lok árs). Framhald frá 2023

M.1.4.5.1. Markviss stuðningur til kennara með ráðgjöf og námskeiðum varðandi hugmyndafræði inngildingar. Stofnað verður þróunarteymi verkefnis með ráðgjöfum og kennurum 6.bekkar og deildarstjóra Álfhólsskóla. Mælikvarði: Nemendakannanir um líðan og námslega virkni (sept, feb, júní) Vettvangsathuganir um námsvirkni nemendahópsins (sept, feb, júní).

Athugasemd: Af hverju þessi skóli og þessi árgangur?

Svar: Nemendahópur var valinn vegna fjölbreytileika (14 tungumál + nemendur með fötlun). Kennarateymi jafnframt fjölbreytt. Þróunarverkefni -áætlað er að til verði handbók og námskeið sem nýtist öðrum skólum.



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.6.1. Úthluta til skóla samkvæmt úthlutunar reglum um stuðning til skóla vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku. Fylgja eftir skipulagi á íslenskukennslu nemenda í skólunum, móttöku nýrra nemenda, framkvæmd stöðumats og milli mála prófs. Móta leið til að fylgjast með hvort nýtt fyrirkomulag bæti árangur nemanda.

Mælikvarði: Úthlutun til skóla er samkvæmt úthlutunarreglur. Úttekt á skipulagi kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku í öllum grunnskólum. Mælikvarði á árangur tilbúin.

Athugasemd: Leggja áherslu á að það sé frekar fjöltyngd börn og börn með fjölbreyttan tungumálamenningarbakgrunn.

Svar: Takk fyrir ábendinguna



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M.2.2.1.1 Vinna viðmið fyrir forvarnaráætlanir skóla- og frístundastarfs um forvarnir í einelti og stafrænni borgaravitund.

Mælikvarði: Viðmið aðgengileg fyrir skóla- og frístundastarf. Framhald frá 2023

Athugasemd: Mikilvægt að samfella sé um nálgun skóla innan bæjarfélagsins í erfiðum málum. Lagt til að bæta við mælikvarða: Hvernig hafa verkfærin nýst í starfi skólanna? Er mismunur á milli skóla, ef svo, af hverju skýrist sá munur?

Svar: Það er munur, þess vegna þarf að innleið viðmið og námsefni til að samræma. Góð ábending um mælikvarða sem væri hægt að nýta næstu aðgerðaáætlun þegar viðmið eru tilbúin.

M.2.2.2.1 Kynna gátlista frá öllum stofnunum innan skóla- og frístundastarfs á vegum Kópavogsbæjar. Kalla eftir eineltisáætlunum frá stofnunum og yfirfara í ljósi gátlista. Fylgja eftir að eineltisáætlanir séu á heimasíðum og fjallað sé um þær reglulega innan allra stofnanna. Mælikvarði: Gátlistar um forvarnir og viðbrögð við einelti hafa verið kynnta í öllum stofnunum. Eineltisáætlanir hafa verið endurskoðaðar og birtar á heimasíðum haustið 2024. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Vantar dagsetningu í mælikvarðana. Mælikvarði á aðgerð er ekki í fullu samræmi við aðgerð. Fyrir hverjum á að kynna gátlistann? Kemur ekki skýrlega fram.

Svar: Búið að breyta mælikvarða. Gátlisti um forvarnir og viðbrögð við einelti kynntur fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.3.1 Innleiðing á Beanfee forritinu meðal sérfræðinga í skólum (atferlisfræðingar og/eða sálfræðingar) til að draga úr hegðunarvanda og efla nemendur í námi með fjölbreyttum hætti. Mælikvarði: Sérfræðingar nýta Beanfee með nemendum innan skólaþjónustunnar. Könnun meðal sérfræðinga á notagildi í lok árs 2024.

Athugasemd: Af hverju að draga þetta forrit sérstaklega fram í menntastefnu?

Innleiðing á Beanfee forritinu – af hverju þetta forrit, er það gagnreynt? Er það betra en samkeppnisaðilar?

Svar: Vitum ekki að til sé annað sambærilegt íslenskt forrit. Hefur verið rannsakað af HÍ og byggir gagnreyndum aðferðum.

M.2.2.4.1 Auka samfellu milli elstu deilda leikskóla og yngsta stigs grunnskóla í gegnum vináttuverkefnið Blær með mótun verklags sem miðar að auknu samstarfi kennara á skilum skólastiga. Mælikvarði: Hefur verið mótað og komið á verklagi um samfellu og samþættingu á milli skólastiga í tveimur skólahverfum Kópavogs. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Kanna að auka samfellu á milli efstu deilda grunnskóla og framhaldsnáms, sbr. samtarf grunn- og leikskóla. Af hverju er lögð áhersla á verkefnið Blær? Hefur verið sýnt fram á árangur með því?

Svar: *Vinátta/Blær* er forvarnaverkefni Barnaheillar gegn einelti. *Vinátta* þjálfar félagsfærni og samskipti og stuðlar að góðum skólabrag. Efnið er danskt að uppruna og heitir á frummálinu *Fri for Mobberi*. Rannsóknir í Danmörku hafa leitt í ljós mjög góðan árangur af notkun *Vinátta* og þau börn sem eru í skólum þar sem unnið er með efnið sýna meiri samhygð, umhyggju og hjálpssemi gagnvart hvert öðru.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.5.1. Að fylgja eftir innleiðingu á verkefninu Börnin í fyrsta sæti með það að markmiði að bæta stöðugleika og starfsumhverfi í leikskólum fyrir börn og starfsfólk.

Athugasemd: Vantar mælikvarða, könnun framkvæmd?

Svar: Verið er að vinna mælikvarða sjá drög: Er búið að skila barnvænu hagsmunamati? Hefur viðhorfskönnun verið lögð fyrir foreldra barna í leikskólum? Hefur viðhorfskönnun verið lögð fyrir starfsfólk leikskóla? Hefur dvalartími barna í leikskólum dregist saman um XX%? Hefur veikindatíðni dregist saman um XX%? Eru öll pláss nýtt í leikskólum?

M.2.3 Ófullnægjandi skólasókn

M.2.3.1.1 Stofna lærdómssamfélaga um skólaforðun sem í sitja tveir fulltrúar frá hverjum grunnskóla í Kópavogsbæ ásamt fulltrúum frá Menntasviði og Velferðarsviði með það að markmiði að fækka skráningum. Mælikvarði: Fjöldi skráninga um ófullnægjandi skólasókn í One Systems. Fjöldi beiðna síðustu tveggja skólaára er þekktur og verður notaður sem viðmið við fjölda tilkynninga um ófullnægjandi skólasókn á komandi skólaári. Framhald frá 2023.



M.3.3 Framsækið starfsumhverfi

M.3.3.1.1 Framkvæma ytra mat á einstaka þáttum í starfi leikskóla með keyptri þjónustu. Mælikvarði: Ytra mati hafið í þrem leikskólum í Kópavogi. Framhald frá 2023.

M.3.3.2.1 Að styðja við stjórnendur vinnustaða vegna skammtíma fjarvista með fræðslu fyrir stjórnendur og faglegum stuðningi (s.s.Heilsuvernd). Mælikvarði: 80% stjórnenda telja að verkfæri, stuðningur og fræðsla hafi gagnast þeim. Viðhorfskönnun. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Hvaða hlutfall stjórnenda? Af hverju eru mannauðsmál ekki meira tengd mannauðsstjóra Kópavogsbæjar til að auka skilvirkni og úrlausn flókinna mála. Mætti setja markið hærra. Úr 60% í 80%.

Svar: Villa mælikvarðinn er 80% stjórnenda.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.1.1 Móta heildstæða áætlun um áframhaldandi þróun snjallvæðingar í leik- og grunnskólum sem byggir á niðurstöðum matsrannsókna á spjaldtölvum í grunnskólum, og úttekt á stöðu í leik- og grunnskólum einnig verður horft til annarra verkáætlana s.s. stafræn borgarvitund og snillismiðja. Mælikvarði: Hefur áætlun verið samþykkt í menntaráði, leikskólanefnd og kynnt stjórnendum undirstofnana og starfsfólki menntasviðs? Framhald frá 2023.

M.4.1.2.1 Vinna með Ásgarði að því að fjölga kerfisbundið persónumiðuðum samþættingarverkefnum í þeim fjórum skólum sem taka þátt í verkefninu. Kennurum og skólastjórnendum verði veittur stuðningur, fræðsla og ráðgjöf í ferlinu. Mælikvarði: Samþættingarverkefni eru aðgengileg í námsgagnatorgi Kópavogsbæjar. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Gerum athugasemd um að fjöldi verkefna verði að liggja fyrir og tölulegar upplýsingar vöxt og fjölgun verkefna.

Svar: Í samráði við ráðgjafa verkefnis verður tekið tillit til athugasemdar.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.3.1. Allir kennarar á yngsta stigi í grunnskólum bæjarins fá áframhaldandi fræðslu og ráðgjöf við innleiðingu spjaldtölva í skólastarfi. Mælikvarði: Allir kennarar á yngsta stigi í grunnskólum Kópavogs hafa fengið handleiðslu kennsluráðgjafa. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Mikilvægt að allir kennarar, ekki bundið við umsjónarkennara.

Svar: Er ætlað öllum kennurum á yngsta stigi

M.4.1.4.1. Stofna vinnuhóp með fulltrúum skólastjórnenda kennara, grunnskóla- og frístundadeildar, foreldra og nemenda sem vinnur að mótun og útgáfu viðmiðunar-námskrár um stafræna borgaravitund. Fenginn verður sérfræðingur frá Menntavísindasviði HÍ til að vinna með hópnum ásamt ráðgjafa frá Langholtsskóla Reykjavík. Mælikvarði: Drög að viðmiðunarnámskrá (heildstæð fræðsla í stafrænni borgaravitund) tilbúin við lok árs 2024. Framhald frá 2023.

M.4.1.5.1. Haldið námskeið fyrir leiðbeinendur félagsmiðstöðvar grunnskólans og þeirra sem sækja félagsmiðstöðina (8. - 10. bekkur). Nemendur í elsta árgangi leikskóla og 6. bekkur grunnskóla ásamt félagsmiðstöð sama grunnskóla fá a.m.k. tólf kennslustunda námskeið í mynd- og kvikmyndalæsi en einnig kvikmyndagerð. Mælikvarði: Heildaryfirlit og fræðsluefni í kvikmyndalæsi fyrir leik- og grunnskóla og félagsmiðstöðvar tilbúið fyrir árslok 2024. Framhald frá 2023.



kM.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.6.1. Allur kennsluhugbúnaður sem nýttur er í grunnskólum Kópavogsbæjar er áhættugreindur. Áhættumat á hugbúnaði sem fær neikvæða niðurstöðu og er þegar í notkun í skólum verði áhættumetinn við fyrsta tækifæri. Mælikvarði: Listi yfir kennsluhugbúnað sem nýttur er í grunnskólum Kópavogs þar sem fram kemur niðurstaða áhættugreiningar og áhættumats liggur fyrir 100%. Í lok árs 2024.

Athugasemd: Leggjum til endurskoðun á því verklagi að þegar búið er að áhættugreina forrit sé sent til skólastjóra til undirritunar. Skólastjóri hefur takmarkaðar forsendur til þess að meta hæfi forritsins.

Svar: Skólastjóri ber ábyrgð á starfsemi skólans.

M.4.1.7.1. Stofna vinnuhóp með fulltrúum kennara sem kenna fingrasetningu í grunnskólum ásamt UT kennsluráðgjöfum grunnskóladeildar. Aðstoð verði fengin frá sérfræðingum Asksins við uppsetningu námskeiðsins og utanumhald. Mælikvarði: Boðið er upp á miðlæga valgrein í fjarkennslu í fingrasetningu sem allir grunnskólar geta nýtt haustið 2024.

Athugasemd: Gæta að inngildingu allra grunnskóla í Kópavogi í þessu verkefni.

Svar: Góð áminning



M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M. 5.1.1.1 Vinnuteymi skipað sem hefur það hlutverk að halda áfram að þróa mælingar á árangri á þátttöku í sértæku hópastarfi, meta hvaða árangur hefur náðst, hvað virkar og hvað ekki. Mælikvarði: Að 80% þátttakanda séu ánægðir með starf félagsmiðstöðvarinnar og upplifi betri líðan. Mælingar framkvæmdar 2 sinnum á árinu 2024 (mars og des)

Athugasemd: Mælikvarði - Setja ætti markið töluvert hærra en 40%. Einnig vantar að mæla ánægju foreldra með starf félagsmiðstöðvanna.

Svar: Mælikvarði hefur verið endurskoðaður í 80%

M.5.1.2.1. Vinna heildstæða greiningu á íþróttamannvirkjum (húsnæði og búnaður), rekstrarform, aðstaða, fjöldi iðkenda í öllum mannvirkjum og greina starf allra íþróttafélaga/deilda sem starfa innan Kópavogs.

Mælikvarði: Hefur tillaga um nýtingu og þjónustu við notendur íþróttamannvirkja ásamt framkvæmdaáætlun verið lagðar fyrir íþróttaráð um lok árs 2024? Framhald 2023



M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M.5.1.3.1 Að fulltrúar menntasviðs sitji í starfshóp með fulltrúum Mennta- og barnamálaráðuneyti og aðilum frá UMFÍ, ÍF og ÍSÍ um verkefnið á landsvísu. Starfshópurinn í samvinnu við íþróttafélög í Kópavogi móti verklag er viðkemur að auka þátttöku fatlaðra barna í íþróttum í Kópavogi (Allir með). Mælikvarði: Að þátttaka barna með fötlun verði 10%. Auk þess verða framkvæmd rýnihópaviðtöl við börn og þjálfara til að heyra þeirra upplifun á þátttökunni og öðru.

Athugasemd: Mælikvarði – hvers vegna 10%, er ekki hægt að setja það hærra?

Svar: Meðaltal þátttöku barna með fötlun á landsvísu er 6% þess vegna var ákveðið að fara í 10% í Kópavogi. Um er að ræða grunnmælingu.



M 5.2 Lífsgæði íbúa á öllum aldursstigum

M. 5.2.1.1. Koma á heildrænni nálgun sem stuðlar að farsælli öldrun með því að samþætta hreyfiframboð í heimaþjónustu, félagsmiðstöðvum og Virkni og vellíðan þannig að sem flestir fái hreyfipjálfun við hæfi.

Mælikvarði: Stuðst við mælingar frá HR og spurningarlisti/ánægjukönnun Virkni og Vellíðan þar sem m.a. er mælt og kannað styrkur, liðleiki, jafnvægi, þol og andleg líðan.

Niðurstöðurnar verða notaðar til að þróa verkefnið Virkni og Vellíðan og stuðla áfram að farsælli öldrun og heildrænni nálgun er viðkemur hreyfingu eldra fólks í Kópavogi. Framhald frá 2023.



M.5.3 Aðgengi og aðstaða til hreyfingar

M. 5.3.1.1 Vinnuteymi um þróun miðstöðvar útináms og umhverfisfræðslu skóla- og frístundastarfs hefji störf með stuðningi utanaðkomandi ráðgjafa og vinni að mótun tillagna ásamt kostnaðaráætlun. Tillögur ásamt framkvæmdaáætlun liggi fyrir við lok árs 2024. Mælikvarði: Hafa tillögur um þróun Guðmundalundar verið lagðar fyrir menntaráð í lok árs 2024? Framhald frá 2023.

Athugasemd: Ef ætlunin er að hafa þessa miðstöð staðsetta í Guðmundarlundi þá verður að taka það fram í tillögunni sjálfri. Af hverju varð Guðmundarlundur fyrir valinu? Snýr kostnaðaráætlun að ferjun nemenda í Guðmundarlund frá öllum skólum bæjarins? Eða snýr kostnaðaráætlun að kostun utanaðkomandi sérfræðings? Er búið að velja þennan utanaðkomandi sérfræðing?

Svar: Val á svæði markast af umhverfi og uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Guðmundarlundi. Til ráðgjafar í verkefninu er náttúrufræðikennari og fyrrverandi verkefnastjóri útináms í Rvk.

M.5.3.2.2 Vinnuhópur vinnur að kortlagningu hreyfingar og virkni ungs fólks og skilar af sér tillögu og áætlun til að efla hreyfingu og virkni ungs fólks (16+) í sveitarfélaginu fyrir lok árs 2024. Mælikvarði: Hafa áætlun og kortlagningu á aðstöðu og framboði til hreyfingar sem stendur ungu fólki 16+ til boða í sveitarfélaginu verið unnin fyrir loka árs 2024?



M.5.4 Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

M.5.4.1.1 Innleiða breytingar á þjónustu við ungt fólk í samræmi við samþykktar tillögur bæjarstjórnar um breyttar áherslur í þjónustu Molans.

Mælikvarði: Ánægjukannanir sýni að 80% þeirra sem nýta sér ráðgjafa og stuðningsþjónustu Molans upplifi betri líðan. Einnig verða framkvæmd rýnihópaviðtöl gerð á meðal hóp ungmenna sem sækja þjónustu Molans-Miðstöð unga fólksins til að greina þarfir til þjónustu sem ungmennin sækja(vefumræðuborð).

Athugasemd: Mælikvarði: Mætti setja markið hærra en 30% árangur á ráðgjafar- og stuðningsþjónustu.

Svar: Mælikvarði hefur verið endurskoðaður og hækkaður í 80%



M 5.5 Frístunda - og íþróttastarf barna með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn

M.5.5.1.1 Kortleggja hvernig nýting frístundastyrks á meðal grunnskólabarna er í skólahverfum Kópavogs. Horft verði sérstaklega til þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku (Vertu með)

Mælikvarði: Að nýting frístundastyrks fyrir ákveðin hóp barna í ákveðnu skólahverfi aukist um 10% að ári. Framhald frá 2023.

Athugasemd: Aðgerðin felur í sér kortlagningu en mælingin aukningu á þátttöku – talar ekki saman

Svar: Kortlagning fer fram árlega til að greina í hvaða hverfi nýting á frístundastyrk er lág og hvar þurfi að bregðast við. Síðan er sett markmið um aukningu í því hverfi þar sem sett er inn inn grip til að auka þátttöku.